

Emil Ragnar Hjartarson, formaður:

Skýrsla stjórnar á aðalfundi FKE 4. maí 2013

Að venju mun ég fara yfir atburði liðins starfsárs nokkurn veginn í tímaröð. Fyrsta verkefnið var að taka þátt í móti norrænna kennara á eftirlaunum. Þessi mót eru haldin á hverju ári, til skiptis í þátttökulöndunum. Í sumar sáu Finnar um mótið og buðu okkur til bæjarins Vaasa þar sem höfuðstöðvar mótsins voru. Ég ætla ekki að rekja gang mótsins hér nema að geta þess að það var Finnum til sóma. Árið 2015 er röðin komin að Íslendingum að halda mótið. Þó það verði viðfangsefni þeirrar stjórnar sem þá situr höfum við fyrir hennar hönd ákveðið að miðstöð mótsins verði á Selfossi. Nauðsynlegt er að taka ákvörðun svo snemma til að tryggja gistiþláss. Hafa verið pöntuð 50 herbergi á Hótel Selfossi í nafni FKE 16. til 19. júní árið 2015.

Á síðast liðnu sumri voru farnar tvær ferðir á vegum félagsins. Í júlí var farin eins dags ferð um Suðurnes og Suðurstrandarveg. Þessa ferð fóru 63 félagar í sumarveðri eins og það getur best orðið á Íslandi. Leiðsögumaður var Jón R. Hjálmarsson og miðlaði af sinni afar víðtæku þekkingu á landi og sögu. Í ágúst var farin ferð um Mýrar, Snæfellsnes og Flatey á Breiðafirði. Þessa ferð fóru 55 félagar. Leiðsögumenn voru Jón R. Hjálmarsson og Guðmundur Guðbrandsson auk þess sem Skúli Alexandersson tók á móti ferðafólkinu í Ingjaldshólskirkju og fræddi um staðinn. Við þökkum þessum ágætu leiðsögumönnum skemmtilega og fróðlega leiðsögn. Ferðirnar í sumar hafa verið ákveðnar í stórum dráttum og verða auglýstar í fréttabréfi sem kemur út í maímánuði

Spilafundirnir sem við köllum Fræðslu- og skemmtifundi hófust hér í Grand Hótelu í október að venju. Fundirnir á árinu voru sjö. Spiluð er félagsvist á öllum fundunum en um dagskrá þar fyrir utan sáu gesta fyrirlesarar á þrem, bókmenntaklúbburinn á einum og einstakir félagsmenn á tveim. Áttundi fundurinn er svo aðalfundurinn. Þátttakan hefur verið bærileg, en alltaf má bæta við. Hún kostar að vísu nokkuð, kr 1500 á mann en á móti kemur notaleg aðstaða, góð aðkoma og ágætar veitingar. Félagssjóður borgar kr 1000. - með hverjum þátttakanda. Við höfum einnig notið aðstöðu hér vegna árshátíðar félagsins. Það er nokkurt áhyggjuefni hvað árshátíðin er illa sótt og blasa ekki við skýringar á þeirri dræmu aðsókn. Helst dettur manni í hug að félögum þyki aðgöngumiðinn full dýr. Þetta verður tekið til rækilegrar athugunar af hálfu stjórnarinnar. Stjórn félagsins hefur ákveðið að þiggja þjónustu Grand Hótelu næsta vetur og verða Fræðslu- og skemmtifundir félagsins hér næsta vetur. Þátttökugjald félagsmanna verður óbreytt. Það má vera að einn fundur á næsta starfsári verði með breyttu sniði í tilraunaskyni veitingar hinar sömu en—engin eða mun styttri spilamennska vegna þess að til stendur að fá fyrirlesara með áhugavert efni sem tekur lengri tíma að flytja en venja er til.

EKKÓ hóf vetrarstarfi í október. Kórinn hefur um árabíl notið einstaks velvilja húsráðenda í húsi Kennaraháskólans í Stakkahlíð. Æfingar eru vikulega á starfsárinu. Kórinn hefur komið fram á desember fundi FKE og á árshátíð. Einnig hefur kórinn heimsótt eldri borgara á Víflsstöðum, í DAS í Hafnarfirði, í Nesvöllum í Keflavík og Víðihlíð í Grindavík. Tveir síðast nefndu staðirnir heimsóttir í dagsferð kórfélaga núna í vikunni. Það er orðin venja að ljúka starfsári kórsins með því að félagar fara í skemmtiferð einn dag. Kórfélagar voru 43 í vetur. Stjórnandi var Bjartur Logi Guðnason og hefur hann verið ráðinn til starfa næsta starfsár. Formaður kórsins er Guðfinna Inga Guðmundsdóttir og með henni í stjórn Egill Sigurðsson, Emil R. Hjartarson, Bryndís Víglundsdóttir og Bryndís Gunnarsdóttir

Bókmenntaklúbbur FKE hélt fundi sína hálfsmánaðarlega í Kennarahúsinu við Laufásveg. Ragnheiður Jónsdóttir leiddi starf klúbbsins og var þetta fimmta starfsárið undir hennar stjórn. Stjórn FKE þakkar henni styrka leiðsögn og prýðis samvinnu.

Að venju voru gefin út þrjú fréttabréf á starfsárinu. Þetta er orðin viðamikil útgáfa. Áður voru stundum gefin út fjögur fréttabréf en við höfum fækkað þeim í þrjú og á það að nægja til að koma upplýsingum á framfæri til félagsmanna. Það kostar talsvert að senda fréttabréfið til viðtakenda eða liðlega kr 120.000 hvert sinn. Þetta er bara eina leiðin til að veita félögum um land allt upplýsingar um starfsemina. Allt starf félgsins er að vísu bundið suðvestur landi en félagar okkar annars staðar vita þá hvað er á seyði ef þeir eiga leið hingað. Þessari útgáfu verður haldið áfram. Ég þakka Hermanni Guðmundssyni kærlega fyrir alla hjálpina við að koma fréttabréfinu út en hann hefur búið þau öll til prentunar.

Gísli Ólafur Pétursson hefur séð um heimasíðu FKE eins og kunnugt er. Þar er að finna afar miklar upplýsingar um félagið, sögu þess og starfsemi um áraráðir í máli og myndum. Gísli hefur unnið mjög þarft verk við að halda til haga myndum frá starfinu. Það er mikilsvert. Gísli hefur einnig útbúið lista yfir pósthöndling margra félagsmanna og hefur hann nýst ágætlega til að koma á framfæri upplýsingum um sitt hvað frásagnarvert sem hefur verið á baugi utan útgáfutíma fréttabréfs. Ég vil beina því til félagsmanna sem eiga tölvur og pósthöndling að koma upplýsingum um það til mín og helst líka til þeirrar sem sér um félagaskrána á skrifstofu KÍ þá er hægt að senda ykkur upplýsingaritið Eplið sem KÍ gefur út rafrænt. Varla þarf að minna á skerf Gísla til Fræðslu- og skemmtifundanna þar sem hann hefur glatt augað með áhugaverðum myndasýningum. Ég þakka einnig þeim ágætu ljósmyndurum sem hafa tekið myndir í ferðum félagsins og sent Gísla til birtingar á heimasíðu. Gísli Ólafur hefur annast tölvukennslu eins og áður.

Fulltrúar FKE sátu ársfund KÍ í vor. Þar voru að vonum rædd kjaramál og skólamál önnur. Lítið er að fréttastofa kjaramálum sem stendur. Kjaramál hefur ekki verið boðað til fundar og verður því ekki flutt nein skýrsla frá kjaramálsfólki okkar eins og jafnan hefur verið. Í kjaramáli KÍ sitja af okkar hálfu þau Hinrik Bjarnason og Kristín Ísfeld. Reikningar KÍ sýna styrka fjárhagsstöðu, jafnvel þó sú ákvörðun hafi verið tekin að reka KÍ með tapi til að hlífa félögum við hærri félagsgjöldum. Það er þó ákvörðun sem tekin er til eins árs í senn. Við, félagar í FKE eigum aðild að orlofssjóði KÍ en ekki öðrum sjóðum sambandsins nema Vonarsjóði, Verkefna og námsstyrkja sjóði en kennarar geta sótt um styrki úr þeim sjóði í tvö ár eftir að hætt er að greiða til sjóðsins. Orlofssjóður hefur verið í skuld við KÍ vegna framkvæmda en hefu nú gert þá skuld upp og er skuldlaus við sambandið. Sendur er út á hverju vori bæklingur um orlofshús og vísa ég til hans um upplýsingar um þau. Við bætum ekki við punkta okkar hjá orlofssjóði en ég veit að margir eiga þar inni punkta og sumir verulega. Orlofshúsin 2013 eru færri en árið áður. En það er fleira sem orlofssjóður býður. Orlofssjóður niðurgreiðir hóteldgistingu með hóteldmiðum sem fást hjá sjóðnum. Félagsmenn geta keypt 10 hóteldmiða í ár sem er fjölgun um fjóra frá því sem var. Miðarnir gilda á Icelandair hóteldum, Eddu hóteldum, Fosshóteldum og KEA hóteldum. Orlofssjóður selur afsláttarmiða í flufurðir með Iceland Express (WOW-air) og Icelandair. Hann selur niðurgreidd veiðikort og greiðir niður kostnað við gönguferðir sem ýmis félagsamtök bjóða fólki. Eins og ykkur er sjálfsagt kunnugt hafa verið miklar umræður um lífeyrissjóði og eftirlaunagreiðslur og hefur verið veist nokkuð harkalega að réttindum opinberra starfsmanna og hafa þeir jafnvel höggvið sem ætla mætti að hlífa skyldu og verður ekki farið nánar úti þá sálma. Eiríkur Jónsson, fyrrverandi formaður KÍ hefur setið í viðræðuhópi um málefni lífeyrispega og er von á að fljótlega verði birt skýrsla um hugmyndir sem þar hafa komið fram. Eiríkur kom á ársfund KÍ og skýrði stuttlega frá hugmyndum sem eru á lofti. Þar má nefna eitt sameiginlegt lífeyrissjóðakerfi fyrir alla, athugið að átt er við eitt kerfi en innan þess myndu rúmast nokkrir lífeyrissjóðir, 5-10, nefndi Eiríkur. Rætt er um hækkun lífeyrisaldurs í 67 ár og launagreiðenda ábyrgð verði afnumin. Þetta snertir ekki þau sem eru í B-deild lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Ekki verður hróflað við henni. Þegar skýrsla vinnuhópsins kemur út er sjálfsagt að kynna sér hana og koma með athugasemdir okkar ef okkur sýnist svo

Það sem er framundan hjá okkar félagi í sumar er að við munum senda fulltrúa á mót norrænna kennara á eftirlaunum í Færeyjum í júní. Eins og áður segir verða síðan tvær ferðir á vegum félagsins, dagsferð 10. Júlí þar sem farið verður að nokkru um Fjallabaksveg syðri og þriggja daga ferð og verður farið á Strandir, í Norðurfjörð en lengra verður ekki komist á langferðabílum—gisting í Bjarkarlundi og Reykhólum. Leiðsögumaður eftir að komið er í Strandasýslu verður Matthías Lýðsson, bóndi í Húsavík við Steingrímssfjörð. Nánar verður fjallað um ferðirnar í fréttabréfi sem kemur út í maí. Athugið að ekki verður tekið á mótí skráningum í ferðirnar fyrr en eftir að fréttabréfið kemur út.

Að lokum þakka ég stjórn félagsins kærlega fyrir samstarfið sem engan skugga hefur borið á. Nú liggur það fyrir að við munum þrjú hverfa úr stjórn á næsta aðalfundi, þá höfum við setið í sex ár og lengur má ekki sitja í stjórn samkvæmt lögum félagsins.

Vetrarstarfið hefst svo í október. EKKÓ kórinn heldur sína fyrstu æfingu þriðjudaginn 1. október, Bókmenntaklúbburinn heldur fyrsta fund fimmtudaginn 3. október og fyrsti Fræðslu-og skemmtifundurinn verður laugardaginn 5. október.

Sjáumst galvösk í haust.